

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum, hestúsahverfi í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 9.700 á hverja stíu samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu hestússins.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 19. desember 2011, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur gildi frá og með 1. janúar 2012. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1076/2010.

Hafnarfirði, 20. desember 2011.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri.